

Lagafrumvörp menntamálaráðherra sem samþykkt voru sem lög frá Alþingi á síðasta þingi

- Lög um Ríkisútvarpið ohf.**
-Með lögunum er Ríkisútvarpinu breytt úr ríkisstofnun í opinbert hlutfélag, tekjustofnar þess breytast úr afnotagjöldum í nefskatt og almannaþjónustuhlutverk þess er skilgreint með skýrum hætti.
- Lög um breytingu á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands.**
-Með lögunum var fallið frá þátttöku Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar og sú breyting gerð í tengslum við breytingu á rekstrarformi Ríkisútvarpsins úr ríkisstofnun í opinbert hlutfélag.
- Lög um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.**
-Með lögunum er lagður grunnur að sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands með það að meginmarkmiði að styrkja kennaramenntun í landinu. Lögin taka gildi 1. júlí 2008.
- Lög um námsgögn.**
-Með lögunum er mælt fyrir um breytingar á því með hvaða hætti ríkisvaldið leggur grunnskólunum í landinu til námsgögn og styður við þróun og gerð námsefnis á leik-, grunn- og framhaldsskólastigum. Meginmarkmið breytinganna er að tryggja aukna fjölbreytni og framboð námsgagna, auka sjálfstæði og val skóla og um leið kennara um námsgögnin, draga úr miðstýringu í þróun og framleiðslu námsgagna, auka sveigjanleika og tækifæri einstakra skóla og kennara við útfærslu á aðalnámskránni, stuðla að þróun og nýsköpun í námsgagnagerð, skapa forsendur fyrir góðri nýtingu fjármuna sem veittir er úr ríkissjóði í því skyni að tryggja skólunum í landinu viðeigandi námsgögn, tryggja áfram stöðugt framboð vandaðs námsefnis fyrir grunnskóla útgefið af Námsgagnastofnun og að stuðla að bættu skólastarfi og koma betur til móts við þarfir nemenda.
- Lög um Náttúruminjasafn Íslands.**
-Með lögunum er sett á stofn Náttúruminjasafn Íslands sem höfuðsafn á sviði náttúrufræða í samræmi við ákvæði safnalaga, nr. 106/2001.
- Æskulýðslög.**
-Með lögunum er skipulag æskulýðsmála sett fram með skýrari hætti en gert var í eldri lögum um æskulýðsmál, lögfestur sá megintilgangur að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi, breyting gerð á hlutverki Æskulýðsráðs og tilvist Æskulýðssjóðs lögfest.
- Lög um bókmenntasjóð.**
-Með lögunum er stofnaður bókmenntasjóður sem tekur við hlutverki þriggja sjóða, þ.e. Bókmenntakynningarsjóðs, Menningarsjóðs og Þýðingarsjóðs, auk þess sem inn í lögin eru sett ákvæði um Bókasafnssjóð höfunda sem úthlutar greiðslum fyrir afnot bóka á bókasöfnum.
- Lög um breytingu á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands.**
-Breytingarlög þessi byggja á tillögum nefndar sem forsætisráðherra skipaði hinn 22. júní 2006 á grundvelli ályktunar Alþingis þar sem ríkisstjórninni var falið að skipa nefnd til þess að skoða gögn sem snerta öryggismál Íslands, innra og ytra öryggi, á árunum 1945–1991 í vörslu opinberra aðila og gera tillögu um tilhögun á frjálsum aðgangi fræðimanna að þeim. Með lögunum er stofnað sérstakt öryggismálasafn í Þjóðskjalasafni Íslands og lögfest ákvæði um rétt fræðimanna til aðgangs að gögnunum, rétt hins skráða að upplýsingum um sjálfan sig og rétt almennings til aðgangs að gögnum safnsins.

Vefsvæði um 10 skref til sóknar

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Eiríkur Jónsson formaður Kennarasambands Íslands undirrituðu samkomulag um Skólustarf og skólaumbætur – 10 skref til sóknar þann 2. febrúar 2006. Í kjölfarið voru settir á stofn nokkrir starfshópar og nefndir til að vinna að þessu verkefni. Fjórir starfshópanna hafa nú skilað tillögum sínum til menntamálaráðherra, þ.e. starfshópur um málefni nemenda á almennri námsbraut framhaldsskóla, starfshópur um fjar- og dreifnám, starfshópur um náms- og starfsráðgjöf og starfshópur um sveigjanleika og fjölbreytileika í skipulagi náms og námsframboðs. Enn eru að störfum nefndir um endurskoðun laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Sérstök vefsvæði hefur nú verið komið upp með helstu upplýsingum um þetta verkefni, <http://menntamalaraduneyti.is/menntamal/tiuskref>, og er þar m.a. að finna skýrslur einstakra starfshópa.

Úthlutun menningarráðs Austurlands

Menningarráð Austurlands úthlutaði nýlega styrkjum til 70 menningarverkefna á Austurlandi, samtals að upphæð 24,3 m. króna. Menningarráðið starfar á grundvelli menningarsamnings menntamála- og samgönguráðuneytis við sveitarfélögin á

Austurlandi. Hæsta styrkinn að þessu sinni 1,2 m.kr. hlaut Grafíksetrið Stöðvarfirði. Þetta er fræðslumiðstöð með smíðju fyrir listamenn jafnt innlenda sem erlenda, auk sýninga og kennslu barna og unglunga. LungA- Listahátíð ungs fólks Austurlandi og 20. Djasshátíð Egilsstaða á Austurlandi hlutu hvor um sig 1 m.kr. Hægt er að nálgast upplýsingar um aðrar styrkveitingar á www.skriduklaustur.is.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 27. mars sl. var ákveðið að koma á fót ferðasjóði íþróttafélaga í samræmi við tillögur nefndar sem menntamálaráðherra fól að fjalla um ferðakostnað íþróttafélaga. Í kjölfar þingsályktunartillögu sem samþykkt var 3. júní 2006 skipaði menntamálaráðherra nefnd sem falið var að gera úttekt á ferðakostnaði íþróttafélaga vegna þátttöku í viðurkenndum mótum. Þá var nefndinni jafnframt falið að setja fram tillögur um hvort og þá hvernig skuli komið á fót sérstökum sjóði til að taka þátt í þeim kostnaði. Nefndin var skipuð fulltrúum menntamálaráðherra, fjármálaráðherra, sveitarfélaga, íþróttaförystunnar og íþróttafélaga úr öllum landshlutum. Athugun nefndarinnar leiddi í ljós að ferðakostnaður íþróttafélaga er mismikill, m.a. af landfræðilegum ástæðum, og aðgengi þeirra að stuðningi fyrirtækja og einstaklinga er misjafnt. Við úttekt á ferðakostnaði íþróttafélaga á viðurkennd mót var stuðst við starfsskýrslur íþróttahreyfingarinnar fyrir árið

2005. Leiða má líkur að því að ferðakostnaður íþróttafélaganna sé allt að 500 m.kr. vegna þátttöku í Íslands-, bikar- og meistaramótum. Af bókfærðum ferðakostnaði félaganna er verulegur hluti vegna ferðalaga félaga utan höfuðborgarsvæðisins.

Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til að komið verði á fót ferðasjóði íþróttafélaga til að jafna aðstöðumun og efla íþrótt- og forvarnastarf. Jafnframt var lagt til að gerður verði þjónustusamningur við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands um umsjón og umsýslu sjóðsins. Með hliðsjón af áætluðum ferðakostnaði íþróttafélaganna og í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um þann kostnað félaganna, sem helst er talin ástæða til að jafna, lagði nefndin til að stefnt yrði að því að árlegt framlag ríkissjóðs til ferðasjóðs yrði á bilinu 60 - 100 m.kr. og að settu marki yrði náð í jöfnum þrepum á þremur árum. Það fyrirkomulag býður upp á að í lok hvers úthlutunarárs verði lagt mat á ávinninginn með hliðsjón af hlutverki sjóðsins og, eftir atvikum, gerðar úrbætur á fyrirkomulaginu á grundvelli ítarlegra gagna sem verða til í tengslum við umsóknar- og úthlutunarferlið.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar felur í sér að stefnt verði að því að framlag til sjóðsins verði 90 m.kr. á ársgrundvelli og að því marki verði náð á þremur árum. Framlagið verði þannig 30 m.kr. árið 2007, 60 m.kr. árið 2008 og 90 m.kr. árið 2009.

